

Garðabæ, 12. nóvember 2020

Ágæti samstarfsaðili

Arni Björn Kristjánsson LFG - lyftingadeild XY

Tilnefningar á íþróttakarli og íþróttakonu Garðabæjar árið 2020

Í tilefni af vali á íþróttakarli og íþróttakonu Garðabæjar óskar íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar eftir ábendingum um íþróttafólk sem stundar sína íþrótt með þínu félagi/deild. Óskað er eftir að fjölgreinafélög eins og Stjarnan og UMFÁ tilnefni karl og konu í þeim greinum sem stundaðar eru á afreksstigi (keppni á efsta getustigi innanlands eða utan) hjá félaginu.

Íþróttamaður Garðabæjar getur aðeins sá eða sú orðið sem stundar íþróttir með félagi sem starfar í Garðabæ, eða er íbúi í Garðabæ en stundar íþrótt sína utan Garðabæjar enda sé íþróttin ekki í boði innan Garðabæjar.

Sæmdarheitið íþróttakarlar eða íþróttakona Garðabæjar er að jafnaði ekki veitt íþróttamönnum yngri en 18 ára og aldrei yngri en 16 ára.

Vinsamlega hafið upplýsingarnar um íþróttafrek viðkomandi íþróttafólks sem nákvæmastar til að hægt verði að styðjast við þær við kynningar í fjölmiðlum og endanlegt val. ÍTG mun velja úr þessum hópi þá einstaklinga sem taka þátt í kjöri um sæmdarheitið íþróttakarlar Garðabæjar 2020 og íþróttakona Garðabæjar 2020.

Endanlegt val fer fram með opinni vefkosningu á vef Garðabæjar yfir hátíðirnar og kosningu innan ÍTG.

Einnig er óskað eftir **tilnefningu um:**

- **Íþróttalið ársins** ásamt umsögn með því og ábendingum um önnur framúrskarandi afrek unnin á árinu 2020.
- **Þjálfara ársins, karl og konu.** Margir framúrskarandi þjálfarar eru við störf í bænum, vinna þeir mikilvægt starf með börnum og ungmönnum sem og afreksfólki í Garðabæ. Þeirra hlutverk er að ala upp einstaklinga, mynda liðsheildir og laða það besta fram í hverjum og einum. Umfram allt leggja góðir þjálfarar sig fram um efla áhuga iðkenda þannig að iðkendum finnist gaman að æfa og séu tilbúnir að mæta á æfingar. Til þess þarf þjálfari að rækja starf sitt af fórnfýsi og einurð enda smitar áhugi þjálfarans allan hópinn.

Kjörinu verður síðan lýst við hátíðlega athöfn á **ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ GARÐABÆJAR** 10. janúar 2021 kl. 13:00 í íþróttahúsinu Mýrinni. Fyrirkomulag athafnarinnar fer eftir reglum um sóttvarnir og verður auglýst þegar nær dregur.

Ábendingar þurfa að berast til Kára Jónssonar íþróttafulltrúa Garðabæjar með tölvupósti karijo@gardabaer.is í síðasta lagi **7. desember**.

Virðingarfyllst, Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar